



ÖLFUS

Starf húsvarðar laust til umsóknar.

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laust til umsóknar starf húsvarðar í menningarsölum ráðhússins. Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi með ríka ábyrgðartilfinningu, auk þess sem viðkomandi þarf að hafa góða umgengni og snyrtimennsku að leiðarljósi í störfum sínum. Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði. Um er að ræða tímabundna ráðningu í 50% starf til reynslu í eitt ár með möguleika á fastráðningu.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Ráðgert er að ráða í stöðuna sem allra fyrst. Hentar vel þeim sem vilja fjölbreyttan og sveigjanlegan vinnutíma.

Helstu verkefni húsvarðar eru að:

- Sjá um bókanir og í ákveðnum tilvikum, undirbúning og aðstoð við viðburði.
- Annast þrif og ræstingar á húseign, tækjum og lóð.
- Hafa umsjón með húseign, lóð, tækjum og innanstokksmunum.

Menntun, reynsla og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Rík ábyrgðartilfinning og áreiðanleiki.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska.
- Skipulagshæfileikar og festa.

Nánari upplýsingar um starfið veitir markaðs- og menningarfulltrúi, í síma 480-3808.

Áhugasamir um starfið eru vinsamlegast beðnir um að skila inn skriflegri umsókn á bæjarskrifstofu, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða í tölvupósti til markaðs- og menningarfulltrúa, annamargret@olfus.is, eigi síðar en en 4. mars.